



Háaleitisskóli

Sjálfsmatsskýrsla

2015-2016

Efnisyfirlit

Sjálfsmatsskýrsla Háaleitisskóla 2015-2016	2
Umbótaáætlun Háaleitisskóla 2015-2016	2
Vinsamlegt skólasamfélag	4
Mat á verkefninu	4
Námsrángur	5
Mat á verkefninu	5
Fagmennska kennara	5
Mat á verkefninu	5
Mat á gæðum kennslu.....	5
Mat á verkefninu	5
Heilsa og umhverfi	6
Mat á verkefninu	6
Verk- tækni og listnám	6
Umræða	6

Sjálfsmatsskýrsla Háaleitisskóla 2015-2016

Sjálfsmatsskýrsla Háaleitisskóla 2015-2016 byggir á mati á árangri af þeim verkefnum sem lögð voru til grundvallar í umbótaáætlun fyrir skólaárið. Umbótaáætlunin var þetta árið í fjórum liðum og voru þeir og þættir innan þeirra til umbóta í skólastarfinu. Í þessari skýrslu er fjallað um hvern þátt fyrir sig og gerð úttekt á því hvernig til hefur tekist í þeirri vinnu sem farið hefur fram í umbótaþáttunum og árangur þeirrar vinnu.

Umbótaáætlun Háaleitisskóla 2015-2016

Umbótaáætlun Háaleitisskóla er sett fram á haustdögum 2015. Við gerð hennar voru hafðar til hliðsjónar niðurstöður úr Skólapúlsinum, starfsmannasamtölum, viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar, ábendingar frá foreldrum og nemendum og skýrsla um þróunarverkefni um eflingu nemenda af erlendum uppruna.

Skólasamfélagið	Leið til sóknar	Mat	Ábyrgð	Tími
Vinsamlegt skólasamfélag/fjölmennning				
Betri líðan nemenda	Vinna markvisst í forvörnum gegn einelti. Vinna að samræmingu á viðbrögðum við agamálum. Kynnast leiðum uppbyggingarstefnunnar. Vinna með leikgrunn. og frístund í hverfi að samræmingu á stefnu í agamálum. Vinna að könnun á líðan yngri nemenda. Aðgerðabinda áætlanir til úrbóta. Innleiða verkefnið Vinaliðar.	Skólalúpsinn Tengslakannanir Sjálfsmat nemenda	Stjórnendur fara yfir niðurstöður úr skólalúpsinum í október og apríl með kennurum. Umsjónarkennarar fylgjast með niðurstöðum tengslakannana og sjálfsmati nemenda	Allur veturinn.
Betri móttaka á nýju starfsfólki	Hafa námskeið og kynningu í haust fyrir nýtt starfsfólk. Kynna skólastarfið, áherslur og leiðir. Kynna réttindi og skyldur. Vinna að upplýsingahefti fyrir nýtt starfsfólk.	Starfsmannakönnun 2016	Skólastjórnendur	Allur veturinn
Vinna með leik- grunn- og frístund að því að samræma reglur og menningu í hverfinu. Uppeldi til ábyrgðar með áherslu á mannréttindi, jöfnuð og lýðræði.	Nýta veturinn til þess að skoða möguleika og finna leiðir til þess að samræma áherslur og vinnubrögð í kringum börnin í hverfinu. Skoða möguleika á því að sækja um sameiginlega styrk til þess að innleiða Uppeldi til ábyrgðar í leikgrunn og frístund í Háaleiti.	Stöðufundur með stjórnendum stofnananna í vor.	Stjórnendur leik- grunn og frístund í hverfi	Allur veturinn
Námsárangur				
Innleiðing á nýju námsmati	Allir kennarar fá námskeið í leiðum Námfús til skráninga á námsárangri og lokamati skólans. Innleiða námsmat skv. Aðalnámskrá 2011.	Viðhorfskönnun foreldra í Skólalúpsinum.	Skólastjórnendur	Allur veturinn
Samræma læsisstefnu leik- og grunnskóla	Að efla málproska og færni nemenda í læsi í sem víðustum skilningi.	Læsi í 2. bekk. Stöðluð hraðlestrarpróf í 1.-10. bekk. Lesskilningskannanir í öllum árgöngum.	Deildarstjóri sérkennslu, kennarar og skólastjórnendur	Allur veturinn
Bæta skipulag náms og áætlanir á miðstigi	Setja inn áætlanir og gátlista á Námfús.	Foreldrakönnun og nemendasamtöl.	Kennarar og stjórnendur	Allur veturinn
Gæði og fagmennska				
Auka samvinnu milli starfsstöðva	Veita kennurum meira svigrúm til samstarfs og samræmingar á milli starfsstöðvanna. Festa niður fundi til þessara starfa.	Starfsmannasamtöl í febrúar	Skólastjórnendur	Allur veturinn
Mat á gæðum kennslu	Unnið að því að endurskoða viðmiðanir sem kennarar gerðu á síðasta skólaári.	Heimsóknir skólastjórnenda í kennslustofur og uppgjör að þeim loknum í febrúar. Starfsmannasamtöl í mars.	Skólastjórnendur	Febrúar-mars
Umhverfi og heilsa				
Unnið að innleiðingu á Heilsudagatali starfsmanna Reykjavíkurborgar	Hlunnindi starfsmanna kynnt fyrir þeim í haust. S-kort, heilsuræktarstyrkur og M-kort. Einnig verður dagatalið sjálft kynnt og leitað eftir hugmyndum frá starfsmönnum varðandi framkvæmd innan skólans.	Viðhorfskönnun starfsmanna á surveymonkey í vor.	Starfsmannahópurinn, stjórnendur	Allur veturinn
Verk- tækni og listnáms				
Leiklistarkennsla á unglingastigi	Leiklist kennd allan veturinn í vali. Lögð rík áhersla á sköpun og sjálfstæði í vinnubrögðum.	Mat nemenda í lok námskeiðs.	Kennari og stjórnendur	Allur veturinn
Markviss nýting snjalltækja	Unnið að því að kynna og innleiða vinnubrögð með snjalltæki. Námskeið og kynningar frá Myndverfi grunnskólanna. Snjallar leiðir í myndvinnslu og möguleikum í námi.	Mat nemenda í lok námskeiðs.	Kennarar og stjórnendur	Allur veturinn

Vinsamlegt skólasamfélag

Unnið var markvisst að því að bæta skólabrag í frímínútum. Allt starfsfólk fékk góða kynningu á verkefninu Vinaliðar sem kemur frá Árskóla á Sauðárkróki. Á hvorri starfsstöð fyrir sig voru skipaðir verkefnastjórar úr starfsmannahópi sem unnu að því að innleiða Vinaliðaverkefnið með nemendum. Í vetur var áherslan lögð á innleiðingu með miðstigi en í haust mun yngsta stig og unglingastig einnig vinna í verkefninu. Allir nemendur á miðstigi komu að einhverju leyti að verkefninu, með því að velja sér vinaliða og taka þátt í leikjum.

Skóli og foreldrafélag unnu í samstarfi að forvarnarnámskeiði fyrir foreldra og kennara og fræðslu fyrir nemendur um kvíða, forvarnir og leiðir tengdar því að takast á við og draga úr kvíða. Einnig var foreldrum, nemendum og kennurum boðið á slökunarnámskeið og kennarar hafa markvisst verið að innleiða slökun í skólastarfið.

Skv. niðurstöðum viðhorfskönnunar starfsmanna Reykjavíkurborgar kom fram að við þyrftum að bæta móttöku nýrra starfsmanna. Í haust var fundað með öllum nýjum starfsmönnum og farið vel yfir áherslur, leiðir og ýmis almenn atriði sem nauðsynlegt er að vita sem starfsmaður.

Við hófum samstarf við Vogaskóla nú á vordögum en skólarnir ætla næsta vetur að innleiða hugmyndafæri Uppeldis til ábyrgðar. Einn fundur með innleiðingarteymi var haldin á vorönn og runnur lagður að vinnunni næsta vetur. Guðlaug Erla Gunnarsdóttir mun styða skólana í innleiðingunni.

Mat á verkefninu

Margt hefur á unnist í vetur. Innleiðing Vinaliðaverkefnis hefur gengið sérlega vel og mikill munur á því hve nemendur eru duglegir að leika sér saman í frímínútum. Starfsmenn sem sinna gæslu á skólalóð og starfsfólk á skrifstofu finnur mikinn mun á því að dregið hefur úr rápi inn í skólann í frímínútum. Vinaliðarnir starfa í fyrri frímínútum en leikirnir virðast halda áfram í þeim seinni þannig að verkefnið yfirfærir þó svo að því sé ekki stýrt sérstaklega. Líðan nemenda var ekki metin með tilliti til verkefnisins enda stutt á veg komið.

Kvíðaverkefnið sem var unnið með foreldrafélaginu heppnaðist vel. Engar sérstakar mælingar voru gerðar á árangri en þeir sem tóku þá í hópi foreldra lýstu yfir ánægju með framtakið. Kennarar eru margir hverjir farnir að innleiða slökun í skólastarfið og nokkrir hafa farið á framhaldsnámskeið. Nemendur virðast mjög móttækilegir fyrir aðferðunum. Við munum vinna meira með þennan þátt á næsta skólaári.

Við þurfum að koma okkur upp betra verklagi til þess að fylgja nýju fólki eftir. Kennarar sem eru að hefja störf við kennslu fá sinn leiðbeinanda í eitt ár en annað starfsfólk þarf að treysta á samstarfsfólk til að leiðbeina sér. Þetta gengur ekki alltaf upp og stjórnendur þurfa að skipta betur með sér verkum og taka að sér það verkefni að sinna nýju fólki af meiri myndugleik en nú er gert og klára upplýsingahandbók sem byrjað var á í vetur. Þetta verkefni þarf meiri tíma og það þarf að formgera betur í næstu umbótaáætlun.

Við hófumst handa við undibúning á innleiðingu Uppeldis til ábyrgðar. Sótt var um styrk til borgarinnar og skipulagðir hafa verið námskeiðsdagar með Vogaskóla næsta haust. Í innleiðingarteymi eru starfsmenn úr báðum skólum. Þessi vinna hefur farið vel af stað.

Námsárangur

Í vetur hefur verið unnið að því að innleiða nýjar áherslur í námsmati. Hæfnimiðun í námsmati er sett frá í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) og í haust var farið af stað með það að markmiði að kynna þær nýju áherslur fyrir nemendum og foreldrum, nýtt kerfi var þróað, í samvinnu við Námfús til að halda utan um námsframvindu og námsmat. Markmið þess er að hafa framsetningu skýrari þannig að auðveldara sé fyrir nemendur og foreldra að átta sig á námsstöðunni. Verkefni sem þessu er í raun aldrei lokið þar sem þetta er þáttur í stöðugri endurskoðun og þróun.

Mat á verkefninu

Verkefnið var flókið og vannst hægt. Námsmatsteymi vann að innleiðingu og skilaði sinni vinnu af miklu metnaðir. Kennarar komu með ábendingar um það sem betur mátti fara og var reynt að finna lausnir þannig að hópurinn væri sáttur við þá leið sem á endanum var farin. Kennarar voru sammála því að leiðin væri fagleg og sjá möguleika í kerfinu varðandi það að halda betur utan um námsframvindu. Við náðum ekki að klára vinnu með námsáætlanir og hæfniviðmið í hverri grein sem verður þá hluti af umbótaáætlun næsta skólaárs.

Fagmennska kennara

Eitt af markmiðum þessa umbótaþáttar var að auka samvinnu á milli starfsstöðva. Settir voru niður sérstakir fundartímar á skipulagi og kennarar fengu þannig tækifæri til þess að hittast meira en áður á milli starfsstöðva og samræma verkefni sín innan árganga og greina.

Mat á verkefninu

Í starfsmannasamtölum í febrúar/mars kom fram að kennarar höfðu ekki nýtt sér þessa fundartíma nógu vel en samræming á milli starfsstöðva væri þó í áttina og meiri en áður. Þeir sem hins vegar fylgdu þessu vel eftir voru ánægðir og töldu þetta mikilvægt skref í þá átt að nemendur upplifðu sig sem eina heild þó svo að þeir væru í skóla sem starfaði á tveimur starfsstöðvum. Ýmsar hugmyndir hafa komið upp varðandi aukna samvinnu, sérstaklega eftir frábært verkefni í 7. bekk í vetur en þar var unnið þvert á árganginn. Kennarar og nemendur í 7. bekk tóku átt í Nord-plus verkefni, fóru saman til Danmerkur og fengu hingað í heimsókn danska vini sína. Með þessari vinnu var sýnt fram á hversu gefandi og skemmtilegt það er að vinna saman og hvað það gefur nemendum mikla möguleika á að opna á fjölbreyttari samskipti.

Mat á gæðum kennslu

Við erum alltaf að leita leiða til þess að eiga samtál um fagleg mál og gæði kennslunnar. Við höfum ekki enn fundið leiðina að því en gert ýmsar tilraunir. Í vetur fór skólastjóri í óformlegar heimsóknir í bekkina. Þetta byrjaði markvisst og voru einhverjir heimsóttir í hverri viku. Þegar líða fór á skólaárið var þetta verkefni því miður eitt af þeim sem datt úr vegna anna.

Mat á verkefninu

Í starfsmannakönnun kom fram að kennurum þótti þetta góð leið að því að eiga samtál um fagleg málefni og kennsluna almennt. Það var því slæmt að þetta skyldi ekki ná að festast betur í sessi og mikilvægt að finna leiðir til þess að koma þessu inn í skólastarfið og hafa í forgangi.

Heilsa og umhverfi

Á starfsmannafundi í haust var heilsudagatal Reykjavíkurborgar kynnt og starfsmenn upplýstir um þau hlunnindi sem þeir eiga rétt eins og heilsustyrk og s-kort. Verkefnið heilsueflandi grunnskóli sem við erum þátttakendur í hafði að markmiði sínu þetta skólaárið að vinna með nærumhverfið og hreyfingu. Gerð var könnun meðal foreldra þar sem m.a. var spurt um hvernig börnin kæmst í tólmstundi og hvað fólki þætti ábótavant varðandi umferðaröryggi í hverfinu. Niðurstöður voru kynntar af verkefnisstjóra.

Mat á verkefnum

Starfsfólk sótti í auknum mæli um íþóttastyrk. Ekki náðist að standa fyrir viðburðum meðal starfsfólks sem miðuðu að aukinni hreyfingu en þar eru sóknarfæri sem við beinum til starfsmannafélagsins næsta vetur.

Verk- tækni og listnám

Þessi þáttur náðist að hluta til. Við erum að auka leiklistarkennslu í skólanum almennt en í vetur var í boði leiklist á unglíngastigi fram að áramótum í vali. Hluti af þeirri vinnu var að setja upp Skrekk í Borgarleikhúsinu. Nemendur voru ánægðir með þetta fyrirkomulag.

i-pad væðingin gengur þokkalega. Margir kennarar eru komnir vel á vel og nýta tækið sem viðbót við önnur kennslugögn. Ekki varð af formlegu samstarfi við myndverið en kennarar nýttu sér fræðslu þaðan í einhverjum tilvikum.

Umræða

Miðað við það sem að ofan hefur verið fjallað virðast þær umbætur sem farið var út í í vetur hafa gengið nokkuð vel. Það ber að þakka það öflugtu starfi fagteyma og stjórnenda þeirra. Áfram verður unnið að öllum þessum verkefnum í skólastarfinu næsta vetur ásamt því að innleiða áherslur nýrrar aðalnámskrár sem þessi verkefni eru öll hluti af.

Það er mikilvægt að beina áfram sjónum að líðan nemenda. Svo virðist sem vellíðan nemenda skólans sé minni en samanburðarhópa í öðrum skólum. Þarna þurfa heimilin og skólinn að vinna saman að því að styrkja nemendahópinn og auka vellíðan með öllum mögulegum stuðningi, hvatningu og forvörnum. Kvíðaverkefnið var hluti af því að bregðast við þessu og á næsta skólaári verður unnið að innleiðingu hugmyndafræðinnar Uppeldi til ábyrgðar sem má segja að séu ákveðin viðbrögð við þessari þróun.

Við þurfum að efla móttöku nýrra starfsmanna og fylgja fólki betur eftir í starfi fyrstu mánuðina. Þetta þarf að vera innan umbótaáætlunar fyrir næsta starfsár skólans. Þar verður einnig áhersla á að efla áfram samstarf og samræmingu milli starfsstöðvanna, halda áfram að efla það kraftmikla samstarfs sem er nú þegar milli skóla og foreldrafélags, halda á lofti grænum áherslum í skólastarfi og heilsueflingu alls skólasamfélagsins.

Áherslur til umbóta fyrir næsta skólaár verða settar fram í umbótaáætlun skólaársins 2016-2017.